

Matvælastofnun (Mast)
Jón Baldur Lorange
Framkvæmdastjóri Búnaðarstofu

Febrúar 2021

Ársskýrsla vegna ullarsöfnunar 2020

Ístex hf. fékk stuðning til ullarsöfnunar 2020 samkvæmt reglugerð nr. 1183/2017, III KAFLI ullarnýting. Í samningi við Matvælastofnun frá 30. janúar 2020 skal Ístex hf. skila ársskýrslu um ullarnýtingu fyrir tímabilið 1. nóvember 2019 til 31. október 2020.

Veður og COVID-19 höfðu áhrif á ullarsöfnun á tímabilinu. Í desember 2019 og janúar 2020 þurfti að hætta við ferðir og loka ullarþvotti vegna óveðra og ófærðar á norðanverðu landinu. Þannig að tafir urðu á nokkrum svæðum að haustull væri sótt. Engin veikindi hafa orðið af COVID-19, en áhrif þess þó nokkur. Hér mætti nefna meira álag á einstaka starfsmenn og bílstjóra vegna sóttvarnarreglna og sóttkvíar starfsmanna. Erfiðara var að fá hjálp við að fylla bíla og þess háttar. Þá stoppaði nær öll erlend hráullarviðskipti frá mið mars til byrjun október.

Ístex hf. telur sig að hafa uppfyllt öll þau skilyrði við söfnun sem bent er á í samningnum, þ.m.t. að útvega umbúðir til afhendingar, að sækja alla vinnsluhæfa ull á landinu og að áfram vinna yfir 30% af allri ull á Íslandi.

Nýjungar

Það voru nokkrar nýjungar sem komu í gagnið á árinu með því hugarfari að auka verðmæti og þekkingu.

Nýjir ullarflokkar

Undanfarin ár hefur orðið offramboð af mislitum öðrum flokki (M2). Þróunarstarf hefur átt sér stað síðastliðin ár við að koma þessari ull í verð, þar má nefna sængur og einangrunarefni. Þá var aðskilin eftir megni mórauð og svört ull úr M2V í þvottastöðinni á Blönduósi. Sú ull er eins og staðan er ekki nógu litekta fyrir bandvinnslu í Mosfellsbæ. Hins vegar er ágæt eftirspurn eftir slíkri ull og verð um tvöfalt hærra en fæst fyrir M2.

Ullarmat.is

Ístex hélt áfram að þróa síðuna Ullarmat.is. Á tímabilinu komu um 3.703 einstakir gestir og um helmingur kom frá Íslandi. Meðal helstu breytinga var að bætt var inn á síðuna „Um ullarsöfnun fyrri ára“, en þar má finna gögn og myndir um ullarsöfnun. Þá var bætt við „notkunarviði“ við hvern ullarflokk þar sem útskýrt í hvað hver ullarflokkur er aðallega notaður.

OEKO-Tex staðall 100 og Certificate of Origin

Þvottastöðin á Blönduósi hefur fengið OEKO-Tex staðall 100 vottun. Það segir að þvottastöðin noti ekki skilgreind hættuleg efni í sinni framleiðslu og að ullin frá henni sé laus við slík efni. Þá látum við fylgja Certificate of Origin skýrslu með hverjum ullarútflutningsgámi. Þar má finna upplýsingar um frá hvaða svæðum á Íslandi ullin kemur. Þá fylgir heilbrigðisvottorð frá MAST og upprunavottorð frá Viðskiptaráði.

Ullarsöfnun

Ístex skuldbatt sig að safna allri vinnsluhæfri ull frá öllum framleiðendum sem þess óskuðu. Á tímabilinu safnaði Ístex hf. um 804 tonnum af ull frá 1.326 ullarframleiðendum um allt land.

		Óhrein ull	Þvegin ull
690	Snoð Hvítt	75.156	52.609
691	Hvít heilsársull	77.420	54.194
695	H-Lamb	18.174	14.539
696	H-1 Flokkur	164.508	131.607
697	H-2 Flokkur	190.168	152.134
698	H-2 Flokkur Lamb (lítið gölluð)	39.521	31.617
699	H-3 Hvítt	65.043	45.530
715	M-Svart	20.765	16.612
716	M-Grátt	18.403	14.722
717	M-Mórautt	9.823	7.858
718	M-2 Flokkur	106.226	80.959
720	M-2 Lamb mislit	4.226	3.381
719	Úrkast	5.574	0
	Samtals	795.006	605.762

Ístex neitaði engum ullarframleiðenda um að taka á móti vinnsluhæfri ull frá þeim. Stærsti hluti þess sem var sett í úrkast (rúmlega 5 tonn), þar sem þau voru ekki hæf til vinnslu, var mikið þæfð ull, t.d. með snoð utan á eða með miklum skítakleprum. Engin vafamál fóru fyrir Ullarmatsnefnd. Það grunar okkur sé vegna aukins upplýsingaflæðis milli Ístex og bænda, send er út skýrsla um leið og breytingar eru gerðar á skráningu. Frekari upplýsingar um ullarframleiðsluna má sjá í meðfylgjandi skýrslum úr Bændatorgi og af Ullarmati.is.

Móttökustöðvar og umbúðir

Ístex setti upp söfnunarkerfi, eins og lýst var í umsókn og auglýst til bænda, m.a. í Bændablaðinu og á www.istex.is. Það voru um 34.000 af þar til gerðum ullarpokum dreift til bænda í gegnum 19 umboðsmenn. Þá komu um 8 flutningsaðilar beint að ullarflutningum. Ullarframleiðandi, sem var lengra en 100 km frá söfnun, var samið við sérstaklega fyrir flutning á ullinni að söfnunarstað. Skjal með pokadreifingaraðilum og flutningsaðilum fylgir.

Íslensk vinnsla

Á ullarárinu 2020 frá 1.11.2019 til 31.10.2020 nam útflutningur Ístex 312 tonn af þveginni ull.

Ístex keypti af bændum 606 tonn af hreinni ull, þannig að hlutfallið af ull sem fór til vinnslu hérlendis var vel yfir 30%. Einungis annar flokkur og lakari ull var seld erlendis. Ullarverð hrapaði á árinu og nær engin ullarviðskipti voru frá mið mars til byrjun október.

Lærdómur

Það er nokkur atriði sem mætti taka til skoðunar til að bæta ullarsöfnunarferilinn. Þar mætti nefna

- fleiri fundi, samtöl og netspjöll með bændum til að fara yfir ullarmál – ná sérstaklega til ungbænda
- vera meira sýnilegir á Facebook með meira af jákvæðum athugasemdum til bænda
- hvatningu til bænda til að setja ekki meira en 25 kg í hvern poka, þannig að þeir staflist betur í flutningum og séu auðveldari í meðhöndlun fyrir starfsfólk

Lokaorð

Ístex hf setti upp ullarsöfnunarkerfi sem bæði uppfyllti þau skilyrði sem voru í samningi við Matvælastofnun og styrkti bændur um allt land til að afhenda á sem auðveldasta máta alla vinnsluhæfa ull til frekari vinnslu. Þeirri vinnsluhæfri ull var vel yfir 30% áfram unnin á Íslandi. Ekki hika að spyrja ef frekari upplýsinga er óskað um ullarsöfnun 2020.



Sigurður Sævar Gunnarsson
Framkvæmdastjóri Ístex